



Alþingi  
Erindi nr. P 126/960  
komudagur 17.1.2001

Magnús A. Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða  
Ráðhúsinu  
340 Stykkishólmi  
Sími: 438 1880 – 855 1880 Fax: 438 1705  
Netfang: vestur@natmus.is

Stykkishólmur 15/01/2001

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

### Frumvarp til laga um húsafriðun

Ég hef þrjár athugasemdir við þetta lagafrumvarp.

Í fyrsta lagi: Skv. 2. gr. skal Arkitektafélag Íslands tilnefna einn fulltrúa í húsafriðunarnefnd, Samband íslenskra sveitafélaga einn, og ráðherra skipar þrjá.

Finnst mér athugunarvert að engar kvaðir eru um menntun nefndarmanna. Svo gæti farið að það væri ekki nema einn sérfræðimenntaður einstaklingur í nefndinni. Þyrfti að vera kvaðir um menntun einsog eru í 4. gr. frumvarps til þjóðminjalaga þar sem segir um tilnefningu ráðherra í fornleifanefnd að minnsta kosti einn skuli vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði.

Í öðru lagi: Skv. 3. gr. segir: "Nefndin hefur samráð við embætti þjóðminjavarðar og minjavörð þess landsvæðis sem hús tilheyrir þegar fjallað er um friðun húss." Í 35. gr. gömlu þjóðminjalaganna skal hafa samráð þegar "fjallað er um hús eða mannvirki", sem á mun betur við þar sem mikið er um mannvirki sem ekki eru friðuð en þarf að hafa eftirlit með, svo sem verndaðar byggingar.

Í þriðja lagi: Í 7. gr. stendur meðal annars að heimilt er að fella niður fasteignagjöld niður af friðuðum húsum. Nú er ég ekki lögfróður maður svo ég veit ekki hvort tillaga mín er raunhæfur möguleiki en hún er að skytt verði að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum. Það fylgi því mikill kostnaður og kvaðir að gera upp og viðhalda gömlum húsum og því væri gott ef niðurfelling fasteignagjalda kæmi þar á móti. Það er mjög misjafnt eftir sveitarfélögum hvort þau séu tilbúin til að fella niður fasteignagjöld, því getur þér verið mismunað eftir því í hvaða sveitarfélagi þú býrð.

### X Frumvarp til safnalaga

Ég hef eina athugasemd við þetta lagafrumvarp.

Skv. 2. gr. skal Samband íslenskra sveitafélaga tilnefna einn fulltrúa í safnaráð, Félag íslenskra safnamanna einn, og ráðherra skipar þrjá.



Finnst mér athugunarvert að engar kvaðir eru um menntun nefndarmanna. Í 12. gr. segir meðal annars að safnaráð skuli dæma um hæfni safna og geti jafnvel lagt til að styrkir verði felldir niður svo einhver sérfræðipækking verður að vera fyrir hendi. Svo gæti farið að það væri ekki nema einn sérfræðimenntaður einstaklingur í nefndinni. Þyrfti að vera sömu kvaðir um menntun einsog eru í 4. gr. frumvarps til þjóðminjalaga þar sem segir um tilnefningu ráðherra í fornleifanefnd að minnsta kosti einn skuli vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði.

### **Frumvarp til þjóðminjalaga**

Ég hef þrjár athugasemdir við þetta lagafrumvarp.

Í fyrsta lagi: Skv. 4. gr. skal Félag íslenskra fornleifafræðinga útnefna tvo fulltrúa í fornleifanefnd. Nú er til tvo fagfélög fornleifafræðinga, Félag íslenskra fornleifafræðinga og Fornleifafræðingafélag Íslands, og finnst mér réttara að þau tilnefni sitthvorn fulltrúann.

Í öðru lagi: Í 8. gr. er sagt um minjaverði að þeir skuli hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun þjóðminjavarðar. Þarna er búið að fella út starfslýsingu sem eru í 47. gr. gömlu laganna. Því miður er ekki kominn almennileg reynsla á minjaverði þar sem þeir eru það fáir og hafa starfað stutt. Því finnst mér miður ef á að fella út úr lögnum lýsingu á starfssviði þeirra. Einnig stendur í 8. gr. að þjóðminjaverði er heimilt að stofna minjaráð, en í gömlu lögnum segir að á hverju minjasvæði skal starfa minjaráð. Minjaráð hefur gefist vel á Vesturlandi og Vestfjörðum sem samstarfsvettvangur safna og að mínu áliti ætti að stofna minjaráð á hverju minjasvæði.

Í þriðja lagi: Í 9. gr. er skilgreining á hvað eru fornleifar. Í lið i. stendur “skipsflök eða hlutar úr þeim.” Þar vantar að nefna hluti úr þeim því að farmur, verkfæri, og annað lauslegt í flökum er hættast við þjófnaði og skemmdum.

Með bestu kveðjum úr Stykkishólmi